

Bæjarráð

Pannig lagt
fyrir Bæjarstjórn 29.06.2006.

Stjórnskipuleg staða

Bæjarráð heyrir beint undir bæjarstjórn.

Bæjarráð fer með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins ásamt bæjarstjóra. Bæjarráð hefur yfirumsjón með rekstri allra stofnana á vegum bæjarins.

Skipan bæjarráðs

Í bæjarráði eiga sæti **þrjú bæjarfulltrúar**, sem bæjarstjórn kýs til eins árs, í júní ár hvert skv. ákvæðum **sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**. Á sama hátt eru kjörnir þrjú bæjarfulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa á **bæjarstjóri** rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Auk þess á fulltrúi á lista sem nær kjöri til bæjarstjórnar, en á ekki kjörinn fulltrúa í bæjarráði, rétt á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti. Bæjarráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Hlutverk bæjarráðs er:

- að fara með daglega fjármála- og framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, ásamt bæjarstjóra,
- að hafa umsjón með stjórnsýslu bæjarins,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu þeirra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráð fer þó með fullnaðargreiðslu í þeim málum sem ekki varðar verulega fjárhag bæjarins og ekki er ágreiningur um afgreiðslu á innan bæjarráðsins annarsvegar og við bæjarstjóra hinsvegar,
- að vinna ásamt bæjarstjóra að nauðsynlegum undirbúningi stefnumótunar og markmiðasetningu bæjarstjórnar í samræmi við þá framtíðarsýn, sem hún hefur á hverjum tíma,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar með starfi fagnefnda náí fram að ganga,
- að starfa með bæjarstjóra,
- að gera tillögur um úrbætur í allri starfsemi á vegum bæjarins,

- að vinna drög að fjárhagsáætlun hvers árs og þriggja ára áætlun, fyrir bæjarsjóð og fyrirtæki bæjarsjóðs og stofnanir,
- að hafa eftirlit með því að viðkomandi fagnefnd eða stjórn stofnunar skili tillögum til fjárhagsáætlanagerðar vegna þeirra stofnana sem undir hana heyra,
- að hafa eftirlit með því að einstakir rekstrarliðir í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og fyrirtækja og stofnana hans séu í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun á hverjum tíma,
- að ákveða skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og vegna óvissra útgjalda.

Bæjarráð sér um að ársreikningar bæjarsjóðs og fyrirtækja séu samdir í samræmi við gildandi lög, reglur og reikningsskilavenjur sveitarfélaga á hverjum tíma. Bæjarráð sér um gerð kjarasamninga og starfsmannamál, þar með talið allar starfsmannaráðningar, sem öðrum hefur ekki verið falið að sinna skv. lögum eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla **samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Bæjarráð kemur saman fyrir **luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma**, að jafnaði fyrsta og þriðja fimmtudag í hverjum mánuði. Bæjarráðsfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17:00. Formaður bæjarráðs og bæjarstjóri geta breytt fundartíma ef nauðsyn ber til.

Bæjarráð skal halda **gerðarbók**. Fundarritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Heimilt er að fundargerðir verði skráðar í tölvu og gilda þá ákvæði 32. og 55. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar. Ritari hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri sér um boðun funda og undirbúning bæjarráðsfunda. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **einum sólarhring fyrir fund**.

Heimilt er formanni bæjarráðs að fela bæjarstjóra að stýra fundum ráðsins sbr. ákvæði 47. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti bæjarráðs er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður bæjarráðs og aðrir bæjarráðsmenn skulu **snúa sér til bæjarstjóra** með eftirfylgni staðfesta samþykktu bæjarráðs.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur bæjarráðsmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar*, eftir atvikum.

Bæjarráðsmanni er skylt að **sækja fundi** nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann bæjarráðs vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver bæjarráðsmaður á rétt á að **koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til bæjarstjóra a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu **hafa hag bæjarins að leiðarljósi** við störf sín í bæjarráði en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og *samþykktum um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar* í atkvæðagreiðslu um málefni í bæjarráði.

Fundarmenn eru bundnir **þagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir bæjarráð og ætla má að eigi leynt að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 bæjarráðsmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Bæjarráðsmaður skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan**, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Starfsmannamál

Bæjarráð sinnir starfsmannamálum bæjarfélagsins. Hafi öðrum ekki verið falið það verkefni með lögum eða samþykkt bæjarstjórnar þá hefur bæjarráð yfirumsjón með starfsmannaráðningum og uppsagnir starfsfólks. Auk þessa hefur bæjarráð eftirlit með öllu öðru starfsmannahaldi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal bæjarráð taka mið af þeim **lögum og reglugerðum**, sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó lög sem um *sveitarstjórnarmál* gilda hverju sinni. Þá skal ráðið fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar* eins og þau eru hverju sinni.